

Íbúaráð Grafarvogs 11. maí 2022: Tillaga íbúaráðs Grafarvogs um aukið aðgengi að fundum íbúaráða

Lagt er til að þegar ný íbúaráð verða skipuð að allir fundir verði sendir út í streymi líkt og nú er gert ásamt því að íbúum verði gert kleift að mæta og taka þátt í umræðum sem fram fara á fundunum. Það skapar mun meira íbúalýðræði að hafa fundina opna íbúum og fá þá til þess að taka þátt í þeim málefnum sem þar eru rædd. Einnig er lagt til að dagskrá funda íbúaráðsins verði auglýstir á vefmiðlum og prentmiðli hverfisins, Grafarvogsblaðið.